

Fljótsdalshreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Fremri-Víðivöllum
701 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. júlí 2014
Tilvísun: UST20140500252/bs


Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014 - 2030 - Tillaga - raflínur. Umsögn


Vísað er til bréfs Fljótsdalshrepps dags. 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda aðalskipulagstillögu þar sem umfjöllun um raflínur breyttust frá þeirri tillögu sem send var stofnuninni til umsagnar 10. febrúar sl. en þar var skipulagi frestað á hluta Kröflulínu 3.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur gert formlegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3 og lýst sig andsnúna því að lögð verði umfangsmikil loftlína við hlið Kröflulínu 2 niður Valþjófsstaðafjall. Sveitarstjórn telur að neikvæð sjónræn áhrif línunnar verði veruleg og magni upp neikvæð áhrif þeirra línu sem fyrir er. Sveitarstjórn hefur óskað eftir að Landsnet leggi fram aðra valkosti innan marka Fljótsdalshrepps en þann sem gert er ráð fyrir í tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3. Þá er Valþjófsstaðafjall hverfisverndað í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps vegna náttúruverndar.

Umhverfisstofnun tekur að ýmsu leyti undir sjónarmið Fljótsdalshrepps að reyna að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum mannvirkja eins og kostur er og að jafnframt verði allir kostir sem til greina koma skoðaðir vandlega. Umhverfisstofnun hefur hins vegar ákveðna efasemdir um hvort unnt verði að leggja jarðstreng niður hliðar Valþjófsstaðafjalls án þess að slíkri framkvæmd fylgi umtalsvert jarðrask. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við umrædda aðalskipulagstillögu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur